



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 KÓPAVOGUR

Garðabær, 10.2.2025

Málsnúmer: 202502-0016

IAS

Efni: Borgarlínan í Kópavogi 1. lota. Rammahluti aðalskipulags.

Vísað er í erindi frá Kópavogsbæ þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um Borgarlínuna í Kópavogi, 1. lotu.

„Á fundi bæjarstjórnar þann 24. september 2024 var samþykkt með tilvísun í 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að rammahluta Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, Borgarlínan í Kópavogi, fyrir fyrstu lotu Borgarlínu frá Fossvogsbrú að Hamraborg dags. í ágúst 2024“

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um umhverfismatsskýrslu Borgarlínu, lotu 1, Ártúnshöfði-Hamraborg, þann 24. janúar síðastliðinn.

Þar kom fram að áhrif á jarðminjar verði fyrst og fremst skerðing á jaðarsvæði Borga, þannig að það mun þrengja að friðlýstum jarðminjum sem gæti aukið álag á þær. Framkvæmdin sjálf mun ekki valda beinu raski, en huga þarf vel að varúðarráðstöfunum á framkvæmdatíma til að ekki verði slys sem leiði til rasks á jarðminjunum. Niðurstaða umhverfismatsins er að Borgarlínan muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á jarðmyndanir og telur Náttúrufræðistofnun það rétt mat.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við rammahluta aðalskipulags.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur